



Alþingi

Málsnr.: 141155

Málalykill: 0342

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. janúar 2015

1405003SA KB/tp
Málalykill: 401

Efni: Frumvarp til laga um örnefni – 403. mál 144. lp.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. janúar sl., þar sem ofangreint þingmál er sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarpið hefur áður verið til umfjöllunar, sbr. 481. mál á síðasta löggjafarþingi. Við framlagningu frumvarpsins nú hafa nokkrar breytingar verið gerðar á frumvarpstextanum en að mati sambandsins hafa þær ekki áhrif á hlutverk sveitarfélaga gagnvart skráningu örnefna og staðfanga.

Efnisatriði í umsögn sambandsins, dags. 5. maí 2014 (erindi nr. P 143/1770), eru því endurnýjuð. Sérstök áhersla er lögð á að orðið verði við tilmælum í umsögninni um samráð við setningu reglugerða.

Minnt er á að allsherjar- og menntamálanefnd gerði það að tillögu sinni við meðferð málsins á 143. löggjafarþingi (sbr. nefndarálit dags. 15. maí 2014) að við reglugerðarheimild ráðherra skv. 12. gr. laga um skráningu og mat fasteigna kæmi sú viðbót að reglugerðin verði sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri